

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2309

2017/EES/24/64

frá 16. desember 2016

um fjórðu aðlögun á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í þætti I.1 í I. viðauka, þætti II.1 í II. viðauka og þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB er vísað til ákvæða, sem sett eru fram í alþjóðasamningum um flutninga á hættulegum farmi á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum eins og skilgreint er í 2. gr. þeirrar tilskipunar.
- 2) Ákvæði þessara alþjóðasamninga eru uppfærð á tveggja ára fresti. Því skulu síðustu, breyttar útgáfur þessara samninga gilda frá og með 1. janúar 2017, með umbreytingarfresti til 30. júní 2017.
- 3) Því ætti að breyta þætti I.1 í I. viðauka, þætti II.1 í II. viðauka og þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flutning á hættulegum farmi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.***Breytingar á tilskipun 2008/68/EB**

Tilskipun 2008/68/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað þáttar I.1 í I. viðauka komi eftirfarandi:

„I.1. ADR-samningurinn

Viðaukar A og B við ADR-samninginn, í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2017, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

2. Í stað þáttar II.1 í II. viðauka komi eftirfarandi:

„II.1. RID-reglurnar

Viðauki við RID-reglurnar, sem birtar eru í viðbæti C við samninginn um millilandaflutninga með járnbrautum (COTIF), í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2017, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 345 20.12.2016, bls. 48. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13.

3. Í stað þáttar III.1 í III. viðauka komi eftirfarandi:

„III.1. ADN-samningurinn

Reglur sem fylgja með í viðauka við ADN-samninginn, í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2017, og einnig f-liður 3. gr., h-liður 3. gr., 1. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 8. gr. ADN-samningsins, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríki skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2017. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríki samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.